

Miðvikudaginn 21. maí 1947.

Nr. 85/1946. **Sigfús Baldvinsson og Hjörtur Lárusson**
(Hrl. Sigurður Ólason)
gegn

H/f Fossi (Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og
hrl. Theódór B. Lindal í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Sýknað vegna aðildarskorts.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. júní f. á., krefjast þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim skaðabætur vegna galla á vél þeirri, sem í málinu getur. Svo krefjast áfrýjendur og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir því, sem fram er komið í máli þessu, fer Sæmundur Stefánsson með fyrirsva tveggja hlutafélaga, S. Stefánssonar & Co. h/f og Vélasölunnar h/f. Í september 1943 sneru fyrirvarsmenn stefnda sér til Sæmundar Stefánssonar og buðu honum til kaups 280 ha Lister dieselvél. Kaup á vél þessari fóru síðan fram í september 1943.

Áfrýjendur keyptu því næst vél þessa, að því er þeir telja, af Vélasölunni h/f. Kveða þeir, að vélin hafi reynzt stórgölluð. Hafa þeir fengið framsal frá Vélasölunni h/f á hendur stefnda á bótakröfu vegna galla á vélinni og hafa samkvæmt því höfðað mál þetta. Stefndi skýrir hins vegar svo frá, að hann hafi engin skipti átt við Vélasöluna h/f í Reykjavík varðandi greinda vél. Sæmundur Stefánsson hafi komið fram fyrir S. Stefánsson & Co. h/f, er hann keypti vélina. Þessari staðhæfingu sinni til stuðnings bendir stefndi á það, að hann hafi sent reikning til S. Stefánssonar & Co. h/f fyrir andvirði vélarinnar og hafi sá reikningur verið greiddur án athugasemdar um aðildina.

Svo hafi og Sæmundur Stefánsson í nafni S. Stefánssonar & Co. h/f ritað fyrirvarsmanni stefnda bréf hinn 1. des. 1944 varðandi vélakaupin. Stefndi þykir með gögnum þessum hafa leitt rök að því, að hann hafi mátt treysta því, að hann skipti við S. Stefánsson & Co. h/f, er sala vélarinnar fór fram. Samkvæmt þessu brestur áfrýjendur aðild máls þessa, og ber því að staðfesta héraðsdóminn um önnur efni en málskostnað, en ákvæði hans um málskostnað var staðfest með dómi hæstaréttar 27. september 1946.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjendur in solidum til að greiða stefnda 600 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því leyti sem honum er nú áfrýjað.

Áfrýjendur, Sigfús Baldvinsson og Hjörtur Lárusson, greiði stefnda, h/f Fossi, in solidum kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 11. júní 1946.

Ár 1946, þriðjudaginn 11. júní, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni, sem sjódómsformanni, og Birni Helgasyni skipstjóra og Sigurði Guðnasyni skipstjóra, upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 24. maí s. l.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 23. marz 1945, af Sigfús Baldvinssyni og Hirti Lárussyni, útgerðarmönnum á Akureyri, gegn stjórn h/f Foss í Hafnarfirði, þeim Jóni B. Eliassyni skipstjóra, Ólafi Einarssyni framkvæmdarstjóra og Guðmundi Erlendssyni verkstjóra til greiðslu á skaðabótum að upphæð kr. 83462.30 eða til vara annarri hæfilegri upphæð að mati dómsins auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Í flutningi málsins varð að samkomulagi milli umboðsmanna aðilja og samþykkt af dómurunum, að málflutningi yrði skipt þannig í tvennt, að málið yrði fyrst flutt um skaðabótaskylduna eina, og liggur það því fyrir til úrslausnar nú.

Umboðsmaður stefnda hefur krafizt þess, að félagið yrði algerlega sýknað. Í fyrsta lagi byggir hann kröfu sína um sýknu á því, að um aðildarskort sé að ræða, því stefnendur málsins eigi enga kröfu á hendur umbjóðanda sínum, þar sem þeir hafi engin viðskipti átt við hann um kaup á vél þeirri, sem um ræðir í málinu. Í öðru lagi mótmælir hann, að stefndu séu skaðabótaskyldir yfirleitt í sambandi við sölu eða vegna sölu á vél þeirri, er hér um ræðir. Í þriðja lagi mótmælir hann skaðabótaskyldunni einnig á þeim grundvelli, að þó hún kynni að hafa verið fyrir hendi, þá hafi rétt hafi hennar glatað skaðabótaréttinum gagnvart stefnda vegna ófullnægjandi tilkynningar.

Þá hefur hann og krafizt umbjóðanda sínum tildæmdan hæfilegan málskostnað úr hendi stefnanda.

Stefnendurnir skýra svo frá, að veturinn 1944 hefðu þeir keypt 280 ha. dieselmotor frá h/f Fossi í Hafnarfirði fyrir milligöngu Vélasöluunnar h/f í Reykjavík, og var söluverð 126 þúsund krónur. Þegar farið var að setja vélina í skip þeirra m/s Rúnu, hefði komið í ljós, að „gírin“ vantaði frá vélinni. Gírin var svo sendur seinna, en þá hefði hann reynzt svo skemmdur, að skipaefstirlitið hefði dæmt hann ónothæfan, og þó reynt hefði verið að gera við hann, hefði sú viðgerð aðeins dugað til bráðabirgða.

Þá hefðu einnig vantað keðjur frá vélinni, sem hefði orsakað margra daga töf. Þetta hvort tveggja, sérstaklega þó bilanir á gírnum, hefði haft í för með sér miklar tafir og bakað útgerðinni gífurlegt tjón bæði vegna viðgerða og reksturstafa, og reikna þeir sér, að það nemi hinni umstefndu upphæð, er þeir telji h/f Foss ábyrgt fyrir bæði gagnvart stefnendum eða eftir atvikum gagnvart Vélasöluinni h/f, en rétti hennar gagnvart h/f Fossi hafa þeir fengið sér framseldan.

Í aðiljaskýrslu Þorgils G. Einarssonar (rj skl. 6), sem er framkvæmdarstjóri stefnds félags frá stofnun þess í marz 1940 og til þessa dags, segir hann frá atvikum að sölu umræddrar vélar. Eftir nokkrar viðræður milli hans og Sæmundar Stefánssonar, forstjóra Vélasöluunnar h/f, hafi kaupin verið afráðin um miðjan september 1943 á þann veg, að h/f Foss seldi Sæmundi E. Stefánssyni f. h. S. Stefánssonar & Co umrædda Listervél fyrir kr. 115000.00 og kr. 1000.00 fyrir að skila henni á afhendingarstað.

Samkvæmt þessu og öðrum upplýsingum, sem fram komnar eru um það atriði í þessu máli (sbr. rskj. 9), virðist nægilega sannað, að stefndi hafi selt umrædda vél Sæm. Stefánssyni f. h. S. Stefánssonar & Co h/f, en hvorki stefnendum þessa máls né Vélasöluinni h/f. Það getur ekki skipt neinu máli hér, þó eigendur kunni að vera hinir sömu að S. Stefánssyni & Co. h/f og Vélasöluinni h/f, þar sem hér er um að ræða tvö sjálfstæð hlutafélög.

Verður því að fallast á þá röksemdafærslu stefnda, að stefnendur bresti aðild til höfðunar máls þessa, og því ber að sýkna stefndu af kröfum stefnendanna vegna aðildarskorts.

Það þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, stjórn h/f Foss, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnendanna, Sigfúsar Baldvinssonar og Hjartar Lárussonar, í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. maí 1947.

Nr. 91/1946. **Hreppsnefnd Eyrarhrepps f. h. hreppsins**

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Arnóri Sigurðssyni (Hrl. Theódór B. Lindal).

Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og
hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um heimilisfang. Úrskurður héraðsdómara ómerktur.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. júlí f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, aðallega að ákveðið verði með dómi, að stefndi hafi átt heimilisfang í Eyrarhreppi í Norður-Ísa-fjarðarsýslu frá 1. janúar 1945 til 25. marz 1946, en til vara, að hann hafi verið þar heimilisfastur frá 1. janúar 1945 til 12. janúar 1946. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Í úrskurði héraðsdómara greinir hvorki kæranda máls-